

# Reglur um stuðning í húsnæðismálum í Borgarbyggð

Skv. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

## 1. gr. Stuðningur í húsnæðismálum

Borgarbyggð veitir eftirfarandi stuðning í húsnæðismálum með hliðsjón af aðstæðum hvers og eins.

- ❖ Sérstakar húsaleigubætur
- ❖ Aðstoð vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu og/eða tryggingar
- ❖ Stuðning vegna barna 15-17 ára sem leigja á heimavist/námsgörðum

## 2. gr. Skilgreiningar

**Sérstakar húsaleigubætur** eru ætlaðar þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrði og/eða annarra félagslegra erfiðleika.

**Aðstoð vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu/tryggingar** er ætluð einstaklingum og fjölskyldum sem búa við langvarandi félagslega erfiðleika.

**Stuðningur vegna barna 15 – 17 ára** er ætlaður foreldrum/forsjáraðilum barna 15 – 17 ára sem leigja á heimavist, á námsgörðum eða í leiguhúsnæði á almennum markaði og njóta ekki vegna aldurs réttar til húsnæðisbóta.

## 3. gr. Skilyrði vegna sérstakra húsaleigubóta

Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi.

1. Umsækjandi hefur fengið samþykkaða umsókn um almennar húsnæðisbætur skv. lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Borgarbyggð.
3. Umsækjandi býr við félagslega erfiðleika.
4. Leiguhúsnæðið skal vera í Borgarbyggð.

**4. gr.**  
**Upplýsingar um aðstæður**

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta skal strax gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á rétt hans til bótanna.

**5. gr.**  
**Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta**

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. allt það tímabil sem ákvörðun um bætur gildir. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt skal viðtakandi gera grein fyrir því án tafar og verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt. Láti viðtakandi hjá líða að gera grein fyrir bættum aðstæðum ber honum að endurgreiða ofgreiddar bætur.

**6.gr**  
**Skilyrði aðstoðar vegna fyrirframgreiðslu/ tryggingar v.  
húsaleigu/**

1. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Borgarbyggð.
2. Umsækjandi býr við langvarandi félagslega erfiðleika.
3. Umsækjanda er synjað um fyrirgreiðslu í viðskiptabanka.

**7.gr**  
**Tekju- og eignamörk vegna umsókna skv. 3. og 6. gr.**

Tekjuviðmið umsækjanda og annarra heimilismanna 18 ára og eldri. (Gefið út í júní 2022).

Fjöldi íbúa	Tekjumörk á ári	Tekjumörk á mánuði
1	5.610.094	467.508
2	7.419.801	618.317
3	8.686.596	723.883
4 +	9.410.478	784.206

Samanlagðar eignir heimilismanna nemi ekki hærri fjárhæð en 6.664.673 kr. í lok næstliðins árs.

## **8. gr. Undanþágur frá skilyrðum**

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 7. gr. um tekjuviðmið ef umsækjandi á samkvæmt faglegu mati í mjög miklum félagslegum erfiðleikum.

Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Velferðarnefnd Borgarbyggðar úrskurðar um undanþágur.

## **9. gr. Fjárhæðir**

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar sem ákveðið hlutfall af almennum húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000,- fær leigjandi kr. 1.300- í sérstakar húsaleigubætur.

Húsnæðisbætur og sérstakar húsaleigubætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 80.000,- og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð. Sérstökum húsaleigubótum verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 50.000,- í kostnað af húsaleigu.“

Hámark aðstoðar til fyrirframgreiðslu / tryggingar er þriggja mánaða leiga. Samþykkt gildir fyrir það húsnæði sem sótt er um hverju sinni.

## **10. gr Sérstakur stuðningur vegna 15 - 17 ára leigjenda á heimavistum/námsgörðum/ almennum markaði.**

Foreldrar/forsjáraðilar sem greiða húsaleigu vegna 15-17 ára barna sinna á heimavist, á námsgörðum eða í leiguhúsnæði á almennum markaði vegna náms hér á landi fjarri lögheimili eiga rétt á húsnæðisstuðningi.

Stuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og getur numið allt að 50% af leigufjárhæð. Fjárhæð styrks skal þó aldrei nema hærri upphæð en 20.000 kr. á mánuði. Lágmarksgreiðsla foreldra eða forsjáraðila skal vera 10.000 kr. á mánuði.

Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns. Umsókn skal berast fyrir 15. þess mánaðar sem greitt er fyrir, ekki er greitt aftur í tímann. Umsókn gildir fyrir hverja skólaönn.

## **11. gr. Afgreiðsla umsókna / umsóknarfrestir**

Starfsmenn velferðarnefndar afgreiða umsóknir samkvæmt regulum þessum.

Umsóknir um sérstakar húsaleigubætur/stuðning vegna 15-17 ára leigjenda á heimavistum/námsgörðum sem berast fyrir 15. dag mánaðar skulu afgreiddar fyrir næstu mánaðarmót og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.

Ekki er greitt aftur í tímann.

Umsókn um sérstakar húsaleigubætur gildir út ágúst mánuð ár hvert. Sækja þarf um endurnýjun fyrir 15. september ár hvert.

Umsókn um stuðning vegna 15-17 ára leigjenda á heimavistum/námsgörðum gildir út önnina.

Vinnsla umsóknar fellur niður ef tilskilin gögn berast ekki innan fjögurra vikna frá umsóknardegi.

## **12. gr. Rangar eða villandi upplýsingar**

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkröfuhæfur.

## **13. gr. Málsmeðferð**

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. Kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Könnun á aðstæðum, öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við og með vitund umsækjanda. Gögn vegna umsókna eru eftir því sem við á, skattframtal og yfirlit yfir tekjur heimilismanna eldri en 18 ára, læknisvottorð eða annað sem skipt getur máli varðandi rétt til stuðnings.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna og upplýsingar veittar um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfresti. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarnefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarnefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun velferðarnefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarnefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarnefndar.

## **14. gr. Endurskoðun**

Tekju- og eignaviðmið í reglum þessum uppfærast skv. leiðbeiningum ráðherra til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings til leigjenda.

## **15. gr. Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2017.

Samþykkt í Velferðarnefnd Borgarbyggðar 1. desember 2016.

Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðar 8. desember 2016.  
Breytt á fundi Velferðarnefndar 2. febrúar 2017.  
Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðar 9. febrúar 2017.  
Breytt á fundi Velferðarnefndar 8. september 2017  
Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðarm 14. September 2017  
Breytt á fundi Velferðarnefndar 2. febrúar 2018.  
Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðar 8. febrúar 2018.  
Breytt á fundi Velferðarnefndar 2. mars 2018.  
Staðfest af sveitarstjórn 8. mars 2018  
Breytt á fundi velferðarnefndar 1. febrúar 2019.  
Staðfest af sveitarstjórn 14. febrúar 2019.  
Breytt á fundi velferðarnefndar 29. apríl 2019.  
Staðfest af sveitarstjórn 9. maí 2019.  
Breytt á fundi velferðarnefndar 2. febrúar 2021.  
Staðfest af sveitarstjórn 11. febr. 2021.  
Breytt á fundi velferðarnefndar 1. febrúar 2022.  
Staðfest af sveitarstjórn 10. febrúar 2022.  
Breytt á fundi velferðarnefndar 5. apríl 2022.  
Staðfest af sveitarstjórn 13. apríl 2022.  
Breytt á fundi velferðarnefndar 8. febrúar 2023.  
Staðfest af sveitarstjórn 10. febrúar 2023.